

# Magnús Magnússon — minning

Ein bernskuminning mín frá heimsóknum Magnúsar er öðrum ljósari. Hann stendur í kontórnum heima og dregur uppúr þykkri skjalatösku kilju með mörgæsarmerki á kilinum, Njáls sögu, sem hann er nýbúinn að þýða ásamt Hermanni Pálssyni prófessor. Hann gefur sér tíma til að árita handa mér eintak, stendur svo fyrr en varir á útidyratröppunum og kveður okkur, hleypur niður, veifar glaðlega frá bílnum með vindinn í hárinu, byr í vængjum.

Magnús segir frá því í bók Sallyar dóttur sinnar, Drauminum um Ísland, að auðvitað hafi sig dreymt um að verða skáld eins og Jóhann Sigurjónsson, ömmubróðir okkar, frægt skáld í útlöndum — auðvitað! Og það varð hann, að breyttu breytanda. Með ritverkum sínum og sjónvarpsþáttum miðlaði hann og endurskapaði menningararf okkar, ekki síður en Jóhann í Lyga-Merði. Magnús notaði nýtt form sem hæfði nýjum tíma, rétt eins og Jóhann hefði gert, og andagiftin leyndi sér ekki.

Aðspurður um fræðaiðkun sína sagðist hann bara segja frá uppgötvunum annarra, en einmitt slíka miðlun þekkingar færði hann á hærra plan í sjónvarpinu. Æfingu hlaut Magnús við blaðamennsku og síðar við að endursegja breskum ferðamönnum Íslendingasögur í rútuferðum um Ísland og kalla fram tár þeirra á Bergþórshvoli. Varla var hægt að hugsa sér betri leiðsögumann en þennan hámenntaða og flugmælska eldhuga sem hafði sögurnar í blóðinu. Í menningar- og fjölmiðlun sinni gætti hann smekkvísi og hafði bæði vitrænt inntak og afþreyingargildi í hávegum, hann gat verið svolítið tilfinningasamur en var alltaf fágaður og skarpur.

Magnús naut þess að segja sögu og gerði það jafnan af listfengi. Ísland sá hann í hillungum eins og móðir hans ættardjásnið Laxamýri, og er gaman að lesa áðurnefnda ferðasögu dóttur hans til að kynnast því. Bókin ber skýrt og fagurt vitni bæði um hug Magnúsar til Íslands og hug hinnar góðu dóttur til föður síns.

Ég var svo heppinn að vera kallaður til ráða þegar Sally var að semja þessa bók, til viðbótar við aðalyfirlesarann og fékk svo það verkefni að íslenska hana. Las Magnús yfir þýðinguna og færði þar æði margt til betri vegar. Hefði ég viljað sitja lengur við fótiskör hans en auðið varð.

Á ættarmóti okkar á Laxamýri nú í sumar sáum við Magnús í essinu sínu, umvafinn fjölskyldu sinni og Íslandi í allri sinni dýrð, staddan í miðjum draumi sínum og móður sinnar — það var ógleymanleg sjón, hamingjustund.

Síðustu dagana fyrir lát hans leituðu minningar á hugann; móðir mín rifjaði þá upp fyrstu ferð þeirra Mamie til Íslands, þau voru þá nýgift og svo dásamlega glöð og falleg saman — önnur mynd sem seint fyrnist.

Magnús var afar vel gefinn og vinnusamur, hrífandi maður, gæddur hlýlegri kímniáfu eins og faðir minn, móðurbróðir hans. Fjölskyldan í Glasgow var öll afar söngvin og hafði góða nærveru. Hjá þeim er hugurinn nú, þegar sorgin knýr dyra. Ég ber þeim samúðarkveðju móður minnar og systkina um leið og við þökkum góðar samverustundir.

Íslandi sem Magnús unni reyndist hann afburðavel.

*Árni Sigurjónsson*

*Birt í Morgunblaðinu 17. janúar 2007*